

GJALDSKRÁ

fyrir losun á seyru úr rotþróum í Húsavíkurbæ.

1. gr.

Árlegt gjald vegna losunar á seyru skal vera eftirfarandi:

- a) Rotþró allt að 1800 lítra kr. 3.732
- b) Rotþró allt að 3500 lítra kr. 4.668
- c) Rotþró allt að 6000 lítra kr. 6.185
- d) Rotþró allt að 9000 lítra kr. 6.461

Þar sem fleiri en eitt hús eru um hverja rotþró skal skipta gjaldinu jafnt á milli þeirra.

2. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá samanber samþykkt bæjarráðs frá 9. desember 2004 og staðfestingu bæjarstjórnar 14. desember 2004 er sett skv. samþykkt um notkun og hreinsun rotþróa í Reykjahreppi nr. 924/2000. Samþykktin gildir fyrir sameinað sveitarfélag, Húsavíkurbæ og öðlast þegar gildi.

Húsavík, 15. desember 2004.

Vigfús Sigurðsson deildartæknifræðingur.

GJALDSKRÁ

um sorphreinsun í Skaftárhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps leggur á árlegt sorphreinsunargjald (sorphirðu- og sorpeydd-ingargjald) í Skaftárhreppi og er það innheimt með fasteignagjöldum, samkvæmt samþykkt um sorphreinsun í Skaftárhreppi nr. 342/2004.

2. gr.

Til íbúða teljast heimili í dreifbýli og íbúðir á Kirkjubæjarklaustri.

Til lögbýla teljast búhlutar jarða í ábúð þar sem stundaður er hefðbundinn landbúnaður í atvinnuskyni.

Til fyrirtækja teljast þeir lögaðilar sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur.

Frístundahús eru sumarbústaðir og fasteignir aðrar sem notaðar eru í sambærilegum tilgangi.

3. gr.

Árlegt sorphreinsunargjald er sem hér segir:

- a. Íbúðir kr. 12.600

- b. Lögbýli
Sorphreinsunargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:
- | | | |
|------------------|-----|--------|
| Flokkur b1 | kr. | 9.450 |
| Flokkur b2 | kr. | 18.900 |
- c. Fyrirtæki
Sorphreinsunargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:
- | | | |
|------------------|-----|---------|
| Flokkur c1 | kr. | 12.600 |
| Flokkur c2 | kr. | 37.800 |
| Flokkur c3 | kr. | 75.600 |
| Flokkur c4 | kr. | 151.200 |
- d. Frístundahús, sorpeyðingargjald
- | | | |
|--|-----|-------|
| | kr. | 3.150 |
|--|-----|-------|

Sveitarstjórn skipar lögbýlum og fyrirtækjum í flokka samkvæmt b og c. Við flokkun er miðað við umfang starfsemi og áætlað magn úrgangs. Sorphirða fer ekki fram á vegum sveitarfélagsins við frístundahús.

4. gr.

Auk árlegs sorphreinsunargjalds leggur sveitarstjórn á sorpeyðingargjald vegna leyfis-skyldra framkvæmda í Skaftárhreppi. Gjaldið er lagt á hverja framkvæmd skv. ákvörðun sveitarstjórnar.

- a. Nýbyggingar kr./m³ 26
- b. Viðhald og endurbætur
- | | | |
|------------------|-----|--------|
| Flokkur b1 | kr. | 5.250 |
| Flokkur b2 | kr. | 15.750 |
| Flokkur b3 | kr. | 52.500 |
- c. Rif á mannvirkjum kr./m³ 26

Áður en leyfi er veitt skv. a. og c. skal áætla magn úrgangs sem til fellur og sorpeyð-ingargjald skal greitt skv. þeirri áætlun. Sveitarstjórn skipar framkvæmdum í flokka skv. b. Við flokkun er miðað við umfang framkvæmdar og áætlað magn úrgangs.

5. gr.

Eigendur lögbýla og fyrirtækja og framkvæmdaraðilar geta farið fram á endurskoðun á ákvörðun um flokkun samkvæmt b og c lið 3. gr. og b lið 4. gr. og skal beiðni þar um vera skrifleg. Sveitarstjórn er heimilt að endurákvarða flokkun ef ástæða þykir til. Allar fjárhæðir skv. 3. og 4. gr. taka breytingum árlega skv. vísitölu neysluverðs. Grunnvísitala er vístala neysluverðs í nóvember 2004, 237,9 stig.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af sveitarstjórn Skaftárhrepps, samkvæmt 11. gr. laga um með-höndlun úrgangs nr. 55/2003, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands, samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Kirkjubæjarklaustri, 14. desember 2004.

F.h. sveitarstjórnar,

Gunnsteinn R. Ómarsson sveitarstjóri.